



Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 30. ágúst 2005 á bæjarskrifstofu. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Erindi:** Sigurður Jóhannesson, stjórnarform. Húnakaupa ehf. og bæjarstjóri, Jóna Fanney Friðrisdóttir óska eftir staðfestingu á uppdrætti er varðar frágang á suðurgafli hússins að Efstubraut 2. Gaflinn verður einangraður og klæddur með alusinki. Teikningar af verkþættinum eru unnar af Stoð ehf., verkfræðistofu, dags. 12. ágúst 2005.

2.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. **Erindi:** Umsóknir vegna uppsetningu gervihnattadiska á félagslegar íbúðir hjá Blönduósbæ. Um er að ræða:

- a. Skúlabraut 21, norðurendi húslengjunnar. Diskur verður um 1,2 m í þvermál og á að ná fyrir húshornið í suðaustur. Umsækjandi er Kristján Blöndal.

Afgreiðsla: Samþykkt

- b. Skúlabraut 37. Ekki vitað um stærð eða stað á húsinu. Umsækjandi er Agnieszka Pigiel.

Afgreiðsla: Samþykkt

4. **Erindi:** Umsókn frá Steingrími Kristinssyni. Óskað er eftir leyfi til að setja niður 40 feta gám í landi Miðgils í Langadal. Ætlunin er að nýta gáminn sem bráðabirgðahúsnæði fyrir sauðfé. Um er að ræða bráðabirgðaleyfi í 1 til 2 ár.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita bráðabirgðaleyfi til eins árs. Fram kom í umsókn viðkomandi að staðsetninga gámsins væri fyrirhuguð við rétt á Miðgili. Bráðabirgðaleyfi þetta þó skilyrt því að fyrir liggi skriflegt samþykki meðeiganda jarðarinnar, enda uppfylli gámurinn þau skilyrði sem sett eru til skepnuhalds.

5. Önnur mál.

- a. Erindi Árna Þorgilssonar sem frestað var á fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 19. júlí sl. tekið fyrir á ný.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt, í framhaldi af samþykkt bæjarstjórnar. Í framhaldi af þessari samþykkt fer af stað breyting á aðalskipulagi bæjarins.



Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Jón Sigurðsson
Gauti Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Jakob Þór Guðmundsson
Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi*

Fundi slitið.

Anna Margrét Jónsdóttir